

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Breyting á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti eftirfarandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi með Varmá frá Reykjalandarvegi að Húsadal, þann 19. janúar 2005.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulaginu á þrem svæðum.

- Við Ásbúð. Þar er um að ræða stækkun á viðbyggingarreit til norðurs. Eftir breytingu verður heimil viðbygging við bílskúr.
- Við Heiðabýli, Reykjabyggð. Eftir breytingu verður heimilt að skipta lóðinni í tvær sjálfstæðar lóðir með íbúðarhúsum.
- Við Árbakka við Bjargaveg. Eftir breytingu verður heimilt að skipta lóðinni í þrjár sjálfstæðar lóðir með íbúðarhúsum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Deiliskipulag landspildu úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárn. 9000-2150.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi landspildu úr landi Miðdals, frístundalóð við Silungatjörn, þjóðskrárn. 9000-2150, Mosfellsbæ, þann 8. desember 2004.

Spildan er 0,67 ha að stærð og heimild er fyrir því að reisa viðbótarhús á lóðinni. Heildarflatarmál húsa má vera allt að 110 m² auk 20 m² geymslu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og heimilar Skipulagsstofnun auglýsingu þessa.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Breyting á deiliskipulagi Hraðastaða IV í Mosfellsdal, Hraðastaðavegur 3, 3a, 5, 7, 9 og 11.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti breytingu á deiliskipulagi Hraðastaða IV í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 19. janúar 2005.

Breytingin felst í því að lóðinni nr. 3 er skipt í tvær lóðir nr. 3 og 3a.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag fyrir Hraðastaðaveg 13 í Mosfellsdal.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag fyrir Hraðastaðaveg 13 í Mosfellsdal, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 8. desember 2004.

Spildan er 11.510,6 m² að stærð og er heimild til byggingar á einu tveggja hæða íbúðarhúsi og einnar hæðar útihúsum.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 10. febrúar 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.